

Fundagerð Fjallskiladeildar Hvammssveitar 2024

Fundur í Fjallskiladeild Hvammssveitar haldinn að Magnússkógum 3, 12. ágúst kl 10:30. Mættir voru Anna Berglind Halldórsdóttir formaður, Halldór Gunnarsson og Jón Egill Jóhannsson.

- Farið yfir stöðu fjallskilasjóðs deildarinnar.
- Breyting á leitarsvæði rædd. Lleitarsvæðin Brúnir Skeggjadalur vestaverður og Skeggjadalur austanverður og Þverdalur verða eitt leitarsvæði og verður smalað fimmtudag fyrir hefðbundnar leitir.
- Álagning fjallskila, fjárfjöldi ársins 2024 er 2030 stk, sem er fækkun um 166 stk frá fyrra ári.
- Viðhald réttar. Endurnýja þarf nokkra staura ekkert naglahald í þeim. Hlið eru að opnast og borð að gefa eftir svo opnast út úr réttinni. Mála þarf steypuveggina í réttinni, múrviðgerðin sem gerð var fyrir 5. árum er farin að skemmast. Þetta hefur verið nefnt núna í nokkur ár og ekkert verið gert í því. Laga þarf lokur á einhverjum járnhliðum inni dilkana, eru að opnast við minnstu viðkomu. Það þarf einnig að endurnýja aðhaldsgrindur og búa til eitthvað af styttri grindum til að auðveldara sé að setja fé á kerrur og bíla.

Fundagerð ritaði: Jón Egill Jóhannsson.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl: 12:00.

Fjallskilanevnd Hvammssveitar

Anna Berglind Halldórsdóttir

Halldór Gunnarsson

Jón Egill Jóhannsson